

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Í stað „27. september 2020 kl. 23.59“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: 18. október 2020 kl. 23.59.

2. gr.

Á eftir fyrsta málslið 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Veitingastöðum þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar er skylt að hafa sæti fyrir alla gesti staðarins og tryggja að gestir séu að jafnaði í sætum eins og almennt tíðkast á veitingahúsum og kaffihúsum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, tekur gildi þann 28. september 2020 kl. 00:00.

Heilbrigðisráðuneytinu 25. september 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir

Ásthildur Knútsdóttir.